

84
24. nóv.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af undirrituðum samkvæmt fyrirmælum gefandans í gjafabrjefi dags. 19. apríl 1921.

Óskað er eftir konunglegri staðfestingu á henni.

p. t. Hálsi í Saurbæjarhreppi, 5/4 1924.

Benedikt Einarsson, Vald, Pálsson,

85
2. des.

AUGLÝSING

um

innköllun krónuseðla

Samkvæmt lögum nr. 19, 27. júní 1925 um innlenda skiftimynt, hafa verið slegnir krónupeningar og tveggjakrónupeningar, sem verða gjaldgengir hjer á landi einungis. Skiftimyntir þessar geta menn útvegað sjer hjá Landsbanka Íslands og útibúum hans.

Með því að þannig verður ekki lengur þörf fyrir krónuseðla þá, sem Landsbankinn hefir gefið út fyrir ríkissjóð Íslands og ganga manna á meðal, þá hefir verið ákveðið að þessir seðlar skuli frá 1. ágúst 1926 hætta að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna á meðal, og ber því þeim, sem hafa í höndum seðla þessa, að gefa sig fram innan þessa frests við Landsbankann í Reykjavík eða eitthvert útibúa hans til þess að fá þeim skift fyrir hina nýslegnu skiftimynt eða fyrir aðra gjaldgenga bankaseðla. Ef þeir, er hafa hina nefndu krónuseðla í höndum, koma ekki fram með þá innan framangreinds tíma, þá skulu seðlar þeir ógildir vera án frekari innköllunar, og til einskis nýtir, svo að engin krafa verður upp frá því á þeim byggð.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 2. des. 1925.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.